

Grunnskóli Reyðarfjarðar



Innra mat skólans 2017-2018



Hugrökku ❤️ er ekkert ómögulegt



Efnisyfirlit

1. Inngangur	3
Einkunnarorð skólans eru:	3
2. Framkvæmdaskýrsla sjálfsmats.....	4
3. Matsgögn og framkvæmd sjálfsmats	5
3.1 Skólapúlsinn - nemendakönnun.....	5
3.2 Skólapúlsinn - foreldrakönnun.....	5
3.3 Olweus	5
3.4 Samræmd próf.....	5
3.5 Bættur námsárangur	5
4. Niðurstöður sjálfsmats	6
4.1. Skólapúlsinn - nemendakönnun	6
4.2. Foreldrakönnun Skólapúlsins.....	14
4.3. Olweus	16
4.4. Samræmd próf.....	29
4.4. Bættur námsárangur	31
4.5. Teymiskennsla	33
5. Lokaorð	36
6. Fylgiskjöl.....	37
6.1. Fylgiskjal 1.....	37
6.2. Fylgiskjal 2.....	38
6.3. Fylgiskjal 3.....	39
6.4. Fylgiskjal 4.....	41
6.5. Fylgiskjal 5.....	47

1. Inngangur

Grunnskóli Reyðarfjarðar er heildstæður grunnskóli með nemendum frá 1. – 10. bekk. Auk þess er boðið upp á lengda viðveru fyrir nemendum 1. – 4. bekkjar í Skólaseli, að skóla loknum. Ásta Ásgeirsdóttir er skólastjóri, Guðlaug Árnadóttir aðstoðarskólastjóri og Hildur Magnúsdóttir deildarstjóri sérkennslu í 50% starfi. Við skólann starfaði 21 starfsmaður við kennslu, fimm stuðningsfulltrúar, þrír starfsmenn í Skólaseli og þrír skólaliðar auk húsvarðar og ritara í 50% starfi. Forstöðumaður bókasafnsins starfar einnig við skólann í 50 % starfi. Einn kennari sinnti starfi námsráðgjafi í 50 % starfshlutfalli. Nemendur síðasta vetur voru 187.

Barna- og unglingaskóli Búðareyrar eins og Grunnskóli Reyðarfjarðar nefndist áður fyrr, er nánast jafngamall byggðinni og samofinn sögu hennar. Núverandi skólahúsnæðið er að hluta til í nýju húsnæði sem tekið var í notkun haustið 2006. Í skólanum er góður hátíðarsalur, bókasafn sem einnig gegnir hlutverki bæjarbókasafns og tónlistarskóli Reyðarfjarðar. Ofan við skólann er stór skólalóð og íþróttahús með sundlaug rétt við skólahúsið. Auk þess er íþróttahöll Fjarðabyggðar steinsnar frá. Lögð er áhersla á list- og verkgreinar í Grunnskóla Reyðarfjarðar og leitast við að hafa þær greinar stóran þátt í vali á unglingastigi.

Í janúar 2015 var undirrituðu skólastjórnendur samning um bættan námsárangur nemenda í fjórðungnum og hefur verið unnið markvisst að því síðan.

Einkunnarorð skólans eru:

Hugrökku  er ekkert ómögulegt



2. Framkvæmdaskýrsla sjálfsmats		
Tími:	Þetta var gert:	Þátttakendur:
Ágúst	Farið var yfir verkáætlun um bættan námsárangur frá síðasta ári. Punktur síðasta árs lagðir fyrir kennarafund á starfsdögum. Unnið var úr niðurstöðum og ný verkáætlun samin. Samin 5 ára áætlun um mat í GR.	Matshópur Kennarar Sjá fylgiskjal 6.1.
Sept.	Unnið að undirbúningi fyrir samræmd próf í 4. og 7. bekk. Unnið að öðrum skimunum samkvæmt skimunaráætlun. Skoðuð ný skimunarpróf menntamálastofnunar.	Matshópur Umsjónarkennarar Sérkennarar
Okt.	Skólapúlsinn lagður fyrir. Jafnréttisáætlun endurskoðuð.	Skólapúlsinn/Skólastjóri/ aðstoðarskólastjóri
Nóv.	Niðurstöður októberkönnunar Skólapúlsins skoðaðar og greindar. Unnin kynning fyrir starfsfólk og foreldra og skýrsla sett á heimasíðuna. Borið saman við aðgerðaáætlun síðasta árs. Unnin aðgerðaáætlun í samræmi við niðurstöður. Farið yfir skimanir haustannar og þær bornar saman við niðurstöður síðasta árs.	Matshópur
Des.	Nýjar niðurstöður samræmda prófa bornar saman við fyrri niðurstöður. Fara yfir starf vetrarins fram til þessa og áætlun vorannar endurmetin.	Kennarar Aðstoðarskólastjóri
Janúar	Rýnt í niðurstöður Olweusar. Foreldrakönnun Skólapúlsins lögð fyrir.	Matshópur
Febrúar	Niðurstöður Olweusarkönnunar kynntar fyrir nemendum, foreldrum og starfsfólki. Greinagerð sett á heimasíðu skólans. Útbúin aðgerðaáætlun.	Matshópur Umsjónarkennarar
Mars	Samræmd próf í 9. bekk Rýnt í niðurstöður foreldrakönnunar. Unnið að skýrslu vetrarins.	Matshópur
Apríl	Nemendakönnun Skólapúlsins lögð fyrir.	Skólapúlsinn/Skólastjóri/ aðstoðarskólastjóri
Mái	Niðurstöður samræmdra próf í 9. bekk greindar. Niðurstöður nemendakönnunar Skólapúlsins greindar. Unnin kynning fyrir nemendum, foreldra og starfsfólk. Greinagerð samin fyrir heimasíðu. Lagðar fyrir kannanir vegna teymiskennslu. Unnið að skýrslu vetrarins.	Matshópur

3. Matsgögn og framkvæmd sjálfsmats

Við sjálfsmat Grunnskóla Reyðarfjarðar skólaárið 2017 – 2018 var stuðst við eftirfarandi matstæki:

3.1 Skólapúlsinn - nemendakönnun

Nemendur í 6. – 10. bekk svara þar spurningum um líðan þeirra í skólanum, virkni í námi og um skóla- og bekkjaranda. Samskonar spurningalistar eru lagðir fyrir í október og apríl. Þannig má fylgjast með líðan og virkni nemenda það skólaárið auk þess sem bera má niðurstöðurnar saman við niðurstöður annarra skóla í landinu sem notast einnig við Skólapúlsinn.

3.2 Skólapúlsinn - foreldrakönnun

Könnun lögð fyrir foreldra barna í Grunnskóla Reyðarfjarðar þar sem spurt er um viðhorf foreldra til ýmissa þátta skólastarfsins.

3.3 Olweus

Könnun um einelti var lögð fyrir nemendur í 4.-10. bekk í desember, líkt og gert hefur verið undanfarin ár.

3.4 Samræmd próf

Samræmd próf eru árlega lögð fyrir nemendur 4., 7. og 9. bekkjar í íslensku og stærðfræði auk þess sem nemendur 9. bekkjar taka samræmt próf í ensku. Próf 4. og 7. bekkjar eru lögð fyrir að hausti en 9. bekkjar að vori.

3.5 Bættur námsárangur

Líkt og kom fram hér á undan er unnið eftir samningi sem skólastjórnendur á Austurlandi gerðu með sér í janúar 2015 þar sem stefnt er að bættum námsárangri nemenda í fjórðungnum. Áhersla er lögð á stærðfræði og íslensku. Til að meta framfarir í þessum námsgreinum eru lögð eru fyrir nemendur ýmis próf líkt og kemur fram í skimunaráætlun Grunnskóla Reyðarfjarðar sem fylgir hér með sem viðauki. (Sjá fylgiskjal 6.2)


4. Niðurstöður sjálfsmats

4.1. Skólapúlsinn - nemendakönnun


Skólapúlsinn veturinn 2017-2018

Nemendakönnun er lög fyrir nemendur 6. – 10. bekkjar tvisvar á skólaárinu. Í fyrsta skipti í vetur var fjöldi nemenda á á þessu aldursbili svo fjölmennur að samkvæmt tilmælum Skólapúlsins var hópnum skipt í tvennt. Annar hluti tók könnunina í október en hinn í apríl. Það eru því ekki sömu nemendur sem taka könnunina tvisvar á ári líkt og verið hefur.


Nemendur í Grunnskóla Reyðarfjarðar hafa meiri ánægju af lestri en meðaltal Skólapúlsins segir til um.




Þar sem gerðar eru tvær kannanir yfir árið má sjá að áhuginn eykst þegar líður á árið.




Drengir í Grunnskóla Reyðarfjarðar virðast hafa meiri ánægju af lestri en jafnaldrar þeirra.




Nemendur í Grunnskóla Reyðarfjarðar leggja sig svipað fram við nám og jafnaldrar þeirra,




og sýna ívið meiri áhuga á stærðfræði.




Þar skera bæði drengir og stúlkur sig úr. Drengir með meiri áhuga en stúlkur minni.




6. bekkur sker sig þarna nokkuð úr en sá bekkur hefur tekið þátt í PALS stærðfræði í vetur.




Mikil ánægja er með náttúrufræðikennsluna,




og hefur sú ánægja farið vaxandi undanfarin ár.




Þar virðast drengir einnig vera áhugasamari líkt og í stærðfræðinni.




Eitthvað virðist trú nemenda á eigin vinnubrögð í námi vera að minnka. Með vinnubrögðum í námi er átt við kerfisbundna viðleitni nemandans til að beina hugsunum sínum, tilfinningum og athöfnum að því að uppfylla eigin námsmarkmið.




Þar eru það stúlkurnar sem skera sig úr en trú þeirra á eigin hæfni mætti vera meiri.




Sama er upp á teningnum þegar kemur að því að meta trú nemenda á eigin námsgetu. Með þessum mælipætti er vísað til trúar nemandans á því að hann geti klárað tiltekið námstengt viðfangsefni s.s. náð prófum, sýnt tiltekna hæfni eða uppfyllt önnur námsmarkmið. Sýnt hefur verið fram á tengsl á milli ríkrar trúar á eigin námsgetu og framfara í námi og eins á milli lágrar trúar á eigin námsgetu og lítilla framfara.




Þar hafa stúlkurnar okkar líka minni trú en drengirnir á eigin getu.




Enn kemur vísbending um að sjálfsmynd drengja sé sterkari en stúlkna í matsþættinum sjálfsáliti. Mæling á sjálfsáliti gefur til kynna hve mikils virði nemandanum finnst hann vera.




Drengjum þykja þeir einnig hafa meiri stjórn á eigin lífi en stúlkum. Mæling á stjórn á eigin lífi segir til um hvað nemandinn heldur að orsaki velgengni eða hrakfarir í hans eigin lífi. Þær geta annað hvort verið af hans eigin völdum eða annarra t.d. umhverfisins eða annars fólks. Rannsóknir hafa sýnt að þeir sem gefa til kynna að þeir hafi mikla stjórn á eigin lífi eru líklegri til að leggja mikið á sig til að ná góðum árangri, vera þolinmóðari í að bíða eftir árangri sem ekki sést strax og setja sér langtímamarkmið.




Drengjum líður almennt betur í skólanum en stúlkum.




Í opnum svörum nemenda sem segjast finna fyrir kvíða eða stressi undan farna daga koma ýmsar ástæður fram. Níu svör tengjast námi, vinatengslum og samskiptum. Aðrar athugasemdir eru persónulegri og ein tengist notkun á tölvum og tölvuleikjum. Einelti greinist frekar meðal stúlkna en drengja.



Einelti virðist vera að aukast miðað við síðasta ár.




Færri af þeim sem svara að vori segjast verða fyrir einelti en þeim sem svara um haustið.




Tveir nemendur segja einelti eiga sér stað í íþróttatímum, þrír í búningasklefum, þrír í hádegisstund, þrír í frímínútum innandyr, einn í kennslustundum, fimm í frímínútum á skólalóð og tveir á netinu eða gsm. Sex nemendur segja eineltið eiga sér stað

annarsstaðar og nefna nemendur eftir skóla, allstaðar, í kennslustundum þegar kennari sér ekki til, á Kuldabola og einn segir hvar sem er.


Í spurningaþættinum samsömun við nemendahópinn eru dregin saman viðhorf nemenda til skólans, metin að hve miklu leyti nemendum þykir þeir tilheyra skólanum, að skólinn sé staður sem þeim líði vel. Í niðurstöðum sést að drengjum þykja þeir tilheyra skólanum frekar en stúlkur.



Spurt er um samband nemenda við kennara en jákvætt samband er talið eitt af mikilvægum þáttum í uppbyggingu á góðum skóla- og bekkjaranda. Í PISA rannsókninni hefur jákvæður skóla- og bekkjarandi verið skilgreindur m.a. út frá þeim stuðningi sem nemendur fá frá kennurum, þeim aga og vinnufriði sem ríkir í tímum og sambandi nemenda við kennara. Niðurstöður PISA 2000 benda til þess að lesskilningur nemenda sé meiri í skólum þar sem jákvæður skóla- og bekkjarandi ríkir. Niðurstöður könnunarinnar sýna að samband nemenda við kennara í Grunnskóla Reyðarfjarðar er gott.




Drengir telja sig almennt vera í betra sambandi við kennarana sína en stúlkur.



Agi í tímum er enn af þeim þáttum sem endurspeglar vel þann vinnuanda sem ríkir í skólanum. Agi er mikilvæg foresenda fyrir virkni og árangursríkri tímastjórnun og


nýtingu á kennslutímanum. Í PISA hefur komið í ljós að jákvæð tengsl eru milli aga í tímum og námsárangurs. Þar kemur einnig í ljós að agi í íslenskum skólum er á heildina litið minni en gengur og gerist að meðaltali í OECD ríkjunum. Í skólanum okkar þykja nemendum kennarar þurfa að bíða lengi eftir að geta hafið kennslu,

3.3.1 Kennarinn þarf að bíða lengi eftir því að nemendur róist.




og of mörgum nemendum finnst þeir ekki ná að vinna nógu vel í tímum vegna truflunar.

3.3.2 Nemendur geta ekki unnið vel.




Í sumum tímum hlusta nemendur ekki á það sem kennarinn segir.

3.3.3 Nemendur hlusta ekki á það sem kennarinn segir.



Að mati nemenda er hávaði og óróleiki í sumum tímum mikill og truflandi.


3.3.5 Það er hávaði og óróleiki.*



Hins vegar er virkni og þátttaka nemenda í tímum mikil en þessi matsþáttur gefur til kynna hversu oft nemendur fá tækifæri til að tjá skoðanir sínar og taka þátt í opnum og skipulögðum umræðum um námsefnið. Rannsóknir hafa sýnt að þátttaka í hópumræðum

og æfingar í að færa rök fyrir máli sínu geta hjálpað nemendum að festa í sessi þá þekkingu, færni og viðhorf sem þeir hafa tileinkað sér með náminu.

3.4. Virk þátttaka nemenda í tímum – Kyn*



Í opnum svörum nemenda kemur fram að það sem þeim finnst sérstaklega gott við skólann sinn nefna þeir m.a. góðir kennarar, námsgreinar og skemmtilegt námsefni, frímínútur, skemmtilegir krakkar og að allir eru vinir. Eins nefna þau matinn í skólanum, skólalóðina, félagslífið, góðan anda, þemanám á unglingastigi, smiðjurnar á miðstigi og að íþróttahúsið og sundlaugin skuli vera hér rétt hjá skólanum. Það sem þeim finnst að megi laga er læti í matsalnum og í kennslustundum, einelti og erfiðleikar í samskiptum, maturinn í mótuneytinu, skólalóðin og einhæft úrval afþreyingar í frímínútum, of mikið heimanám og símalausir dagar. Eins kvarta sumir undan starfsfólki skólans og námsgreinum sem þeim þykja leiðinlegar.

4.2. Foreldrakönnun Skólapúlsins

Foreldrakönnun 2017-2018

Annað hvert ár leggur Skólapúlsinn fyrir foreldra könnun þar sem ánægja foreldra með skólastarfið er könnuð. Fimm matsþættir eru kannaðir, nám og kennsla, velferð nemenda, aðstaða og þjónusta, foreldrasamstarf og heimastuðningur. Auk þess gefst foreldrum tækifæri til að svara í opnum spurningum hvað þeir telji gott við skólann og hvað megi bæta.

Niðurstöður könnunarinnar eru mjög jákvæðar fyrir skólastarfið. Foreldrar eru almennt ánægðir með starfsfólk skólans og það starf sem unnið er í skólanum. Þeir hafa jákvæð viðhorf til gæða skólans, kennslunnar og námsins og telja skólanum vel stjórnað. Flestir foreldrar telja námið hæfilega þungt en nokkrir telja hinsvegar að gera megi meiri námslegar kröfur til nemenda og þykir í sumum tilfellum námið of létt. Foreldrar eru einnig spurðir að því hvort þeim þyki agi í skólanum vera of mikill, hæfilegur eða of lítill. Flestum þykir aginn hæfilega mikill en nokkrum of lítill. Engum þykir aginn of mikill. Þegar foreldrar eru spurðir að því hversu ángæðir þeir eru með samskipti skólans við barnið sitt kemur í ljós að foreldrar eru almennt ánægðir með samskiptin við kennara en minna við annað starfsfólk skólans. Foreldrar drengja eru almennt ánægðari með það hvesru vel skólinn mætir þörfum nemenda en foreldrar telja að barni þeirra líði almennt mjög vel eða vel í kennslustundum. Hinsvegar kemur í ljós að stúlkum líður ekki eins vel að mati foreldra í frímínútum og drengjum og svara foreldrar tólf barna því að barnið

þeirra hafi orðið fyrir einelti í skólanum á þessu skólaári. Foreldrar virðast ekki sáttir við hvernig tekið er á eineltismálum af hálfu skólans en fjórtán foreldrar svara því til að þeim þyki tekið frekar illa eða mjög illa á eineltismálum. Tíu foreldrum finnst brugðist frekar seint eða mjög seint við eineltismálum. Þegar foreldrar eru spurðir hvar eineltið fari helst fram nefna þeir frímínútur, bæði úti og inni.

Foreldrar virðast almennt ánægðir með þá aðstöðu sem nemendum stendur til boða í Grunnskóla Reyðarfjarðar. Helst er það aðstaða til íþróttaiðkunar sem foreldrum finnst ábótavant. Í svörum foreldra varðandi þjónustu skólans eftir að skólatíma líkur þ.e. Skólaselið kemur fram nokkur óánægja en þar finnst foreldrum t.d. vanta upp á eftirlit með starfinu, finnst húsnæði Skólaselsins ekki ásættanlegt og þar séu of fáir starfsmenn miðað við fjölda nemenda. Drengir virðast almennt ánægðari með matinn í mötuneytinu en stúlkur en foreldrar nefna óánægju með matseðilinn helstu ástæðu þess að barnið nýtir ekki mötuneyti skólans.

Almennt virðast foreldrar sáttir við samskipti sín við kennara barnsins þeirra. Það kemur þó fram í könnuninni að samskiptin eru ekki endilega mikil að mati foreldra en það kemur þó ekki fram hvort foreldrar hefðu viljað hafa samskiptin meiri. Foreldrar telja sig hinsvegar geta haft mikil áhrif þegar teknar eru ákvarðanir í skólanum varðandi barnið þeirra og að hlustað sé á raddir þeirra og ábendingar. Það virðist þó frekar eiga við um foreldra drengja en stúlkna. Þeir þættir sem foreldrar vilja hafa meiri áhrif á í skólastarfinu samkvæmt könnuninni eru foreldrasamskipti, félags- og tómstundastarf, agamál, val á námsefni, námshraði, áherslur í námsgreinum og kennslufyrirkomulag. Í opnum svörum nefna foreldrar að þeir kysu meira heimanám og að nemendur lærðu meira um forritun. Foreldrar eru ánægðir með foreldraviðtölin við annaskil, segja að bæta megi heimasíðuna en telja sig vel upplýsta um stefnu skólans og aðalnámskrá Grunnskóla

Foreldrar barna í Grunnskóla Reyðarfjarðar eru mjög duglegir að sinna heimanámi barna sína og svara enginn því til að hann komi aldrei að því. Einnig ræða foreldrar oft við barnið sitt um það hvernig það stendur sig í náminu og telja þeir sig geta vel hjálpað barni sínu við að standa sig vel í skólanum. Flestum þykir heimavinnan hæfileg og svara því til að þeir verji 15-30 mínútum á dag við að aðstoða barn sitt við heimanám að meðaltali. Væntingar foreldra um háskólanám barna sinna er hér nokkuð undir landsmeðaltali.

Í opnum svörum foreldra þar sem þeir geta svarað því til hvað þeim þykir gott við skólann og hvað megi bæta. Þar kemur fram hjá þeim sem svara að foreldrum þykir starfið í skólanum faglegt og metnaðarfullt og starfsfólk sýna nemendum væntumþykju og umhyggju. Auðvelt sé að leita til skólans og samskipti almennt góð. Einn nefnir að þriggja anna kerfið hjálp betur með eftirfylgni, annar nefnir fjölbreytt nám í smiðjum og skemmtilega viðburði sem brjóti upp skólastarfið.

Það sem betur má fara nefna foreldrar að vanti meiri vinnufrið fyrir krakkana sem vilja læra, laga þurfi leiksvæði nemenda, að bæta þurfi starf Skólaselsins með fjölbreyttara

starfi, að banna ætti síma á skólatíma, að kennarar ættu að vera duglegri að hafa samband heim, fylgjast þurfi betur með nemendum í frímínútum og vinna markvissara með eineltismál, kenna þurfi forritun og bæta þurfi matinn í mötuneytinu.

Eins geta foreldrar komið með ábendingar um heimasíðu skólans. Þeir sem tjá sig um hana segjast almennt finna þar það sem leitað er að en fréttir úr skólastarfinu mættu koma oftar inn. Eins er bent á ýmsa verkferla sem mætti laga.

Samantekt

Foreldrar eru almennt ánægðir með skólann. Þó virðast foreldrar drengja almennt ánægðari en foreldrar stúlkna. Það hljómar við niðurstöður nemendakönnunar Skólapúlsins frá þessu skólaári. Mikið átak hefur verið gert í meðferð eineltismála. Þrátt fyrir það kemur fram í könnunum að þar þurfi að gera betur, sérstaklega í málefnum stúlkna.


Niðurstöðurnar í heild sinni má sjá hér í viðhengi.

4.3. Olweus


Niðurstöður Olweusar. Könnun lögð fyrir 5. – 10. bekk, tekin í nóvember 2017.

Þegar könnunin er lögð fyrir nemendur er byrjað á því að skilgreina hvað felst í hugtakinu einelti. Nemendur virðast þó eiga erfitt með að greina á milli eineltis og stríðni eða tímabundinna samskiptaerfiðleika við félag. Þrátt fyrir að það sé ítrekað að þau horfi aðeins til þess tíma sem liðinn er af þessu skólaári vilja nemendur, sérstaklega þeir yngri, rifja upp atburði frá liðnum árum. Vegna þessa er oft erfitt að greina raunverulega tíðni eineltis. Þrátt fyrir það eru þessar niðurstöður mikilvægt verkfæri fyrir kennara að ígrunda með sínum nemendahópi.

Fyrsta myndin sýnir hversu margir segjast verða fyrir einelti í skólanum á þessu skólaári. Spurningin er: Hve oft hefur þú orðið fyrir einelti í skólanum undanfarna mánuði? Þar kemur fram að átta stúlkur og átta drengir segjast verða fyrir einelti mjög sjaldan, tvær stúlkur og einn drengur tvisvar til þrisvar í mánuði, ein stúlka og tveir drengir einu sinni í viku og ein stúlka oft í viku. Þessi mynd sýnir hvernig svör raðast eftir árgöngum.




Þegar nemendur eru spurðir að því hversu oft þeir óttast að verða lagðir í einelti af samnemendum sínum segjast sex stúlkur og átta drengir óttast það einstaka sinnum, þrjár stúlkur og þrír drengir öðru hverju og tvær stúlkur og tveir drengir fremur oft. Tvær stúlkur segjast oft óttast það að verða fyrir einelti og þrjár stúlkur og tveir drengir mjög oft.




Þegar nemendur eru spurðir að því hversu oft þeir hafa sjálfir tekið þátt í að leggja nemendur í einelti undanfarna mánuði segjast tvær stúlkur og þrír drengir að það hafi gerst bara einstaka sinnum. Aðrir nemendur kannast ekki við að hafa tekið þátt í að leggja aðra í einelti.

E. Nemendur sem hafa lagt aðra nemendur í einelti „2-3 skipti í mánuði“ eða oftar (24. spurn.)



Ein stúlka í Grunnskóla Reyðarfjarðar segist ekki eiga neinn vin eða vinkonu. Þrjár stúlkur segjast eiga eina góða vinkonu eða vin en aðrir nemendur sem svara þessari spurningu eiga tvo vini eða fleiri.



Það er mikilvægt að segja frá líði manni illa. Þess vegna er spurning þess efnis lögð fyrir nemendur til að kanna hvort þau kjósi frekar að segja ekki frá en að leita sér aðstoðar. Vert er að taka það fram að ekki er gott að sjá hversu margir svara þessari spurningu þar sem hver getur merkt við marga möguleika en merkt var við 9 möguleika. Í þessum niðurstöðum má sjá að nemendur kjósa helst að segja vinum sínum frá líði þeim illa.


G. Nemendur sem hafa sagt/ekki sagt frá eineltinu (Hundraðstala þeirra sem hafa orðið fyrir einelti skv. A hér að ofan)



Samkennd er dyggð sem við viljum að nemendur okkar nái að tileinka sér. Þess vegna er mikilvægt að sjá hvernig þeir hugsa sér að bregðast við sjái þau að einhverjum líði illa eða verði fyrir einelti.


Langflestir segjast vorkenna viðkomandi og vilja koma til aðstoðar. Tvær stúlkur segja hins vegar að viðkomandi eigi það líklega skilið að vera lagður í einelti og einni stúlku og einum dreng er hálfpartinn saman.

H. Þegar þú sérð nemandan á þínum aldri verða fyrir einelti í skólanum, hvað hugsarðu eða finnst þér um það? (Spurn. 23)



Enginn nemandi segist geta hugsað sér að taka þátt í að leggja nemanda sem hann kann ekki vel við í einelti, Þrír drengir segja þó kannski vera til í það og tvær stúlkur og þrír drengir eru ekki viss um hvaða afstöðu þau tækju.


I. Gætir þú hugsað þér að taka þátt í að leggja nemanda í einelti sem þú kannt ekki vel við? (Spurn. 37)




Í könnuninni eru nemendur spurðir um hversu oft kennarar eða aðrir fullorðnir í skólanum reyna að gera eitthvað til að stöðva einelti gegn nemanda í skólanum. Nemendur þurfa oft að fá aðstoð við þessa spurningu og er það kannski ekkert undarlegt að svo sé. Fullorðna fólkið í skólanum tilkynnir sjaldnast fyrirfram að verið sé að vinna gegn einelti eða andfélagslegri hegðun. Ef nemendur eru spurðir hvort haldnir séu bekkjarfundir, hvort kennarar ræði við nemendur um framkomu og samskipti eiga nemendur auðveldara með að taka afstöðu til hvort unnið sé gegn einelti í skólanum.

Fimm stúlkur og einn drengur segja að kennarar eða aðrir fullorðnir geri aldrei neitt til að stöðva einelti, fimm stúlkur og einn drengur segja einstaka sinnum og sex stúlkur og fjórir drengir öðru hverju. Mun fleiri drengir en stúlkur hafa trú á að fullorðnir í skólanum vinni gegn einelti.

J. Hve oft reyna kennararnir eða aðrir fullorðnir í skólanum að gera eitthvað til að stöðva einelti gegn nemanda í skólanum? (Spurn. 20)




Þegar nemendur eru spurðir að því hversu oft aðrir nemendur geri eitthvað til að stöðva einelti eru það líka fleiri stúlkur en drengir sem bera ekki mikið traust til samnemenda sinna. Fimm stúlkur og fimm drengir segja aðra nemendur gera næstu aldrei neitt, sex stúlkur og fjórir drengir einstaka sinnum og 10 stúlkur og átta drengir öðru hverju.




Þessari spurningu svara þrjár stúlkur og þrír drengir. Tveir drengir segja að ekki hafi verið haft sambandi við skólann heiman að, ein stúlka og einn drengur segja að einu sinni hafi verið haft samband og tvær stúlkur segja að oft hafi verið haft samband við skólann til að stöðva einelti.

L. Hefur einhver af fullorðna fólkinu heima haft samband við skólann til að reyna að stöðva eineltið sem þú verður fyrir í skólanum? (Spurn. 22) (Hundraðstala þeirra sem hafa verið eineltir skv. A hér að ofan)




Mun fleiri drengjum en stúlkum líður vel eða mjög vel í skólanum. Engum líður mjög illa en fjórum stúlkum og tveimur drengjum líður illa og níu stúlkum og fimm drengjum líður hvorki vel né illa.



Fimm nemendur svara þessari spurningu sem er: Hversu lengi hefur þú verið lagður/lögð í einelti? Ein stúlka og einn drengur segja eineltið hafa staðið yfir í mörg ár, ein stúlka segir eineltið hafa staðið yfir í um það bil eitt ár, tvær stúlkur um það bil hálft ár og einn drengur segir eineltið hafa staðið yfir í viku til hálfan mánuð.

C1. Nemendur sem hafa orðið fyrir einelti „eitt ár eða lengur“ Forsenda útreikninga: Nemendur sem hafa svara við 17. spurn. og hefur orðið fyrir einelti skv. A hér að ofan



Niðurstöðum Olweusar ber saman við niðurstöður Skólapúlsins. Það eru fleiri stúlkur en drengir sem svara því til að þeim líði illa í skólanum.

Vorið 2017 fengum við Kolbrúnu Baldursdóttur sálfræðing til okkar í heimsókn og fór hún yfir verkferla okkar varðandi meðferð eineltismála. Í kjölfarið settum við upp skýrari verkferla við úrvinnslu eineltismála. Felast þeir í því að skipað var eineltisteymi sem í sitja námsráðgjafi skólans, deildarstjóri sérkennslu og aðstoðarskólastjóri. Komi upp

eineltismál er þeim vísað til eineltisteymis til frekari úrvinnslu. Tilvísunin þarf að vera skrifleg og undirrituð. Aðilar eineltis eru síðan kallaðir í viðtöl, fyrst hver í sínu lagi en síðan saman. Tekin eru viðtöl með stuttu millibili þar til málin leysast. Sé máli lokið að mati málsaðila eru málalok undirrituð af þeim sem tilkynnti um málið í upphafi.

Síðasta vetur komu sjö mál til eineltisteymis og voru þau öll leyst fyrir skólalok. Þó þarf að fara yfir þau næsta haust til að tryggja að allir séu sáttir.

4.4. Samræmd próf

4. bekkur

Nemendur fjórða bekkjar tóku samræmd próf í íslensku og stærðfræði í lok september 2017. Hér eru samtölur fyrir þá námsþætti sem teknir eru á samræmdum prófum.

Íslenska

	Lestur/hlustun	málnotkun	Samtals	Landið allt
Árið 2011	27,5	25,6	25,4	30
Árið 2012	30,6	34,4	29,8	30
Árið 2013	22,3	24,6	23,8	30
Árið 2014	29,6	28,1	26,3	30
Árið 2015	33,4	31,5	31,2	30
Árið 2016	31,7	33,6	32,8	30
Árið 2107	30,7	36,1	33,6	30

Stærðfræði

	reikn/aðg.	rúmfr./mæl	tölur/talnask	Samtals	Landið allt
Árið 2011	28	28,8	28,1	27,6	30
Árið 2012	34,5	31,8	30,2	32,7	30
Árið 2013	29,3	31,4	31	31,1	30
Árið 2014	30	29,7	31,8	30,2	30
Árið 2015	34,6	35,5	34,8	35,3	30
Árið 2017	35,1	33	32,2	34,8	30
Árið 2017	36,1	32,1	34,1	35,3	30

Nemendur núverandi 4. bekkjar hafa farið í gengum Byrjendalæsi í íslensku frá byrjun skólagöngu og hafa unnið í PALS stærðfræði þar sem áhersla er lögð á grunnaðgerðir í stærðfræði. Það er okkar mat að þessi vinna skili sér í góðum árangri á samræmdum prófum.

7. bekkur

Nemendur sjöunda bekkjar tóku samræmd próf í lok september 2017. Hér eru samtölur fyrir þá námsþætti sem teknir eru á samræmdum prófum.

Íslenska

Árið	lestur/hlustun	málnotk.	samtals	landið allt
2011	28,75	24,7	26,6	30,0
2012	29,3	30,6	30,9	30,0
2013	35,4	35,7	36,4	30,0
2014	27	29,4	26,2	30,0
2015	33,3	26,6	29,2	30,0
2016	21,7	27	27,3	30,0
2017	32,7	30	31,7	30,0

Stærðfræði

Árið	Reikningur	Tölfræði	Rúmfræði	Samtals	Landið allt
2011	23,1	26,6	30,4	24,8	30
2012	30,9	31,5	30,8	30,9	30
2013	x	x	x	30,5	30
2014	26,2	23,3	27,3	25,5	30
2015	32,1	33	32,3	32,7	30
2016	28,8	31	36,1	30,6	30
2017	32,4	29,6	30,1	31,5	30

Nemendur 7. bekkjar fengu kennslu eftir hugmyndafræði Byrjendalæsis og Orð af orði þegar þau voru í 5. og 6. bekk. Teljum við það geta útskýrt góðan árangur þeirra í samræmdum prófum í íslensku.

9. bekkur

Til stóð að leggja samræmd próf fyrir nemendur 9. bekkjar 7. – 9. mars. Taka átti prófin rafrænt. Fyrsta prófið var íslenska en tæknilegir örðugleikar með matskerfið gerðu það að verkum að nemendum gekk illa að haldast inni á kerfinu og sumir komust aldrei inn. Daginn eftir var stærðfræðiprófið lagt fyrir og gekk það heldur betur en þó ekki hnökralaust. Enskuprófið rak svo lestin á föstudeginum og var það með sama hætti og íslenskuprófið. Nemendur gátu skráð sig inn á kerfið en dattu oft út af því og sumir náðu aldrei inn.

Íslenskuprófið og enskuprófið voru dæmd ósamanburðarhæf þar sem aðeins lítill fjöldi nemenda á landsvísu náðu að þreyta prófin. Stærðfræðiprófið var hinsvegar talið hafa tekist það vel að hægt væri að meta niðurstöður þess með hefðbundnum hætti. Nemendur fengu val um hvort þeir þreyttu aftur próf í íslensku og ensku. Tveir nemendur þáðu að taka íslenskuprófið og þrír enskuprófið.

Hér koma samanburðartölur fyrir stærðfræði

Árið	Reikniaðg.	Hlutföll	Algebra	Rúmfræði	Meðaleink.	Landið allt	Próf tekið
2012	28,4	27,7	29,4	27,6	30,8	30	Haust í 10.b
2013	28,4	26,9	25,8	26,2	27,4	30	Haust í 10.b
2014	29,9	32,2	32,8	27,6	30,1	30	Haust í 10.b
2015	30,2	27,6			30,3	30	Haust í 10.b
2017	34,5	30,7	36	37,2	35,9	30	Vor í 10. b
2017	28,8	27,3	29,6	28,5	29,1	30	Vor í 9. b
2018	30	30,9	27,7	26,7	29,3	30	Vor í 9. b.

4.4. Bættur námsárangur

Þann 16. janúar 2015 skrifuðu skólastjórnendur á Austurlandi undir samning þess efnis að stefnt væri að bættum námsárangri nemenda í grunnskólum á Austurlandi. Síðan þá hefur markvisst verið unnið að því að bæta námsárangur nemenda og fylgjast með hvernig til hefur tekist.. (Sjá fylgiskjal 3) Almennt má segja að vel hafi tekist að finna eftir þessari áætlun. Fyrir tveimur árum var læsisstefna Grunnskóla Reyðarfjarðar samin og í vor stærðfræðistefna. Unnið hefur verið markvisst að því að tengja hæfniviðmið Aðalnámskrár við nám og störf nemenda og fer allt námsmat fram í mentor út frá hæfniviðmiðum.

Við mælingar á bættum námsárangri er stuðst við skimanir bæði á stærðfræði og lestri.

Talnalykill

Hér má sjá niðurstöður úr skimunum Talnalykils frá 2014. Sama próf er lagt fyrir að hausti og vori.

Talnalykill í 3. bekk - niðurstaða árganga

	Talnalykill í okt/nóv	Talnalykill í apríl/maí	Hækkun í %
2014 - 2015	60,44%	80,77%	20,33%
2015 - 2016	52,31%	92,31%	40%
2016 - 2017	67,69%	94,67%	26,98%
2017-2018	71,57%	93,46%	21,89%

Viðmið að vori 90%

Talnalykill í 6. bekk - niðurstaða árganga

	Talnalykill í okt/nóv	Talnalykill í apríl/maí	Hækkun í %
2014 - 2015	57,37%	76,10%	18,37%
2015 - 2016	63,06%	80,57%	17,51%
2016 - 2017	65,71%	83,33%	17,62%
2017-2018	65,33%	75,88%	10,55%


Viðmið 85% að vori

Orðarún, lesskilningspróf

Lesskilningsprófið Orðarún er lagt fyrir nemendur 5. – 10. bekkjar. Skólaskrifstofa Austurlands greinir sérstaklega niðurstöður 5. og 8. bekkjar og má sjá niðurstöður vetrarins hér.


5. bekkur - Frammistaða 2017 – 2018

Árangur bekkjar	Mjög slakt	Slakt	Meðal	Gott
Haust 2017 5. bekkur	0%	36%	28%	36%
Vor 2018 5. bekkur	7%	14 %	50 %:)	29 %



8. bekkur – Framfarir skólaárin 2016-2018

Árangur bekkjars	Mjög slakt	Slakt	Meðal	Gott
Haust 2016	36%	14%	43%	7%
Vor 2017	0%	18,5%	63%	18,5%
Haust 2017	7%	13%	60%	20%
Vor 2018	0%	0%	93%:)	7%



4.5. Teymiskennsla

Veturinn 2017-2018 störfuðu tvö teymi við Grunnskóla Reyðarfjarðar. Kennarar á unglingastigi ákváðu að brjóta upp og skipuleggja þemavinnu og voru allir miðvikudagar teknir undir slíka vinnu. Hvert grunnfag eftirlét eina kennslustund á viku fyrir þessa vinnu. Unnið var í 4 – 5 vikur að hverju þema. Námsmat var byggt á hæfniviðmiðum Aðalnámskrár. Nemendur voru almennt ánægðir með þetta starf, sérstaklega þegar leið á veturinn og betri reynsla komst á starfið.

Í könnun sem lög var fyrir kennara kemur fram að kennarar eru almennt ánægðir með þá reynslu sem varð til í þessari vinnu. Þeim fannst samstarfið ganga vel, þeir geta sagt sína skoðun og á hana væri hlustað. Þeir voru frekar sammála því að fagleg umræða væri meiri í teymisvinnunni en í annars konar samstarfi og að góð fagleg tengsl væru milli kennaranna. Þeir voru almennt mjög sammála því að teymiskennslan drægi úr einangrun kennara og það var þeirra mat að þeir hafi átt hlutdeild í ákvörðun um teymiskennsluna. Hins vegar voru þeir ekki sammála um hvort fleiri hugmyndir að faglegri úrvinnslu hafi komið fram í teymiskennslunni en í annars konar samstarfi né að hæfileikar þeirra hafi


frekar notið sín. Kennarar voru almennt sammála því að álagið dreifðist á kennarahópin í teymiskennslu en voru ekki eins sammála um að kennarar lærðu meira af samstarfsfólki sínu í teymiskennslu en í hefðbundnu samstarfi. Þeirra upplifun var að foreldrar væru ánægðir með þemastarfið og að teymiskennsla ýtti undir sameiginlega ábyrgð allra kennaranna á námi nemenda. Hinsvegar voru kennarar ekki sammála því hversu vel þeim hafi gengið að hafa yfirsýn yfir nám nemenda né að í teymiskennslu væri námsmatið samræmdara. Hins vegar fannst þeim að í teymiskennslu yrði til fjölbreyttari sýn á nemandann og að teymishópurinn tæki á agamálum saman. Niðurstöður könnunarinnar má sjá í fylgiskjali 4. Í opnum svörum kennara kom fram að vinna þyrfti áfram með námsmatið svo það yrði einfaldara og tengdist betur hæfniviðmiðum Aðalnámskrár.



Um áramót var nemendur 1. – 2. bekkjar skipt í þrjár bekkjardeildir þvert á bekki. Ástæða þess var að samanlagður fjöldi nemenda í þessum bekkjum var kominn yfir 40 börn en samkvæmt úthlutunarreglum Fjarðabyggðar á kennslutímafjölda fæst þriðja stöðugildi kennara fari nemendahópar yfir 40 börn í 1. – 2. bekk. Þrír kennarar skiptu nemendahópunum á milli sín. Áhersla var lögð á náð samstarf kennara, sameiginlega ábyrgð, að álagi yrði dreift og samþættar áherslur í agamálum.

Um vorið lögðu kennarar fyrir nemendur nokkrar spurningar til að meta viðhorf þeirra til teymiskennslunnar. Nemendur voru almennt ánægðir með það að vera í blönduðum hópum en í samtölum leið nemendum 1. bekkjar betur í samkennslunni en nemendum 2. bekkjar sem sögðu gjarnan að þeir vildu frekar vera alltaf í hópi með bekkjarfélögum sínum úr 2. bekk en nemendum 1. bekkjar.

Broskallakönnun niðurstaða

Hvernig finnst þér að vera bæði með 1. og 2. bekk?





Einnig var lögð könnun fyrir kennara teymisins og voru þeir almennt mjög ánægðir með samstarfið og fannst það faglega styrkjandi. Erfiðast fannst þeim að halda utan um umsjónarkennara sína þar sem hópnum var skipt niður í mismunandi hópa eftir námsgreinum. Niðurstöður má sjá hér í fylgiskjali 5.

5. Lokaorð

Markmið innra mats

Samkvæmt Aðalnámskrá Grunnskóla frá 2013 er „Mat á skólastarfi liður í lögbundnu eftirlitsstarfi skóla og skólayfirvalda sem hefur þann tilgang að tryggja réttindi nemenda og stuðla að skólaumbótum. Markmið mats og eftirlits er einkum þríþætt. Í fyrsta lagi að fylgjast með að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskráa. Í öðru lagi að auka gæði skólastarfsins og stuðla að umbótum, tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum. Í þriðja lagi að veita upplýsingar um skólastarfið, árangur þess og þróun.“ (28)

Samkvæmt Skólanámskrá Grunnskóla Reyðarfjarðar er „Tilgangurinn með innra mati skóla að fá yfirlit yfir sem flesta þætti í skólastarfinu og er formlegt og opinbert sjálfsmat gott tæki skólans til að gera innra starf markvissara í þágu nemenda, starfsmanna og foreldra.” (8)

Tilgangurinn með innra mati skóla er því að fá yfirlit yfir sem flesta þætti í skólastarfinu og gerir það skólanum kleift að byggja ákvarðanir um starfið á meðvituðu, formlegu mati á því hvernig skólinn stendur sig, hvað vel er gert og hvað þarf að bæta, með hagsmuni nemenda að leiðarljósi. Innra mat snýst með öðrum orðum um að skólasamfélagið læri saman, hampi því sem vel er gert og vinni saman að umbótum.

Það er óhætt, að mati þeirra er skipa sjálfsmatshóp, að segja að þær kannanir sem lagðar hafa verið fyrir nemendur og foreldra bendi til þess að metnaðarfullt starf sé unnið í Grunnskóla Reyðarfjarðar. Það er þó ekkert launungarmál að alltaf er hægt að gera betur og verður áfram unnið markvisst að umbótarstarfi við skólann.

Reyðarfirði júní 2018

Fyrir hönd sjálfsmatshóps

Guðlaug Árnadóttir

aðstoðarskólastjóri

6. Fylgiskjöl

6.1. Fylgiskjal 1

Langtímaáætlun um innra mat Grunnskóla Reyðarfjarðar

Viðfangsefni	2017-2018	2018-2019	2019-2020	2020-2021
Nám og kennsla:				
Niðurstöður prófa og skimana.	x	x	x	x
Námsumhverfi og skipulag náms (Nemendkönnun).		x	x	x
Kennsluhættir og gæði kennslu.	x	x	x	x
Námshættir og námsvitund (Skólapúlsinn)	x	x	x	x
Lýðræðisleg vinnubrögð, þátttaka og ábyrgð nemenda (Skólapúlsinn)	x	x	x	x
Skóli án aðgreiningar.	x	x	x	x
Mannauður:				
Fagmennska starfsfólks	x	x	x	x
Starfsánægja, líðan og aðbúnaður á vinnustað (Fjarðabyggð)		x		x
Stjórnun og skipulag:				
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	x	x	x	x
Stjórnun skólans (Fjarðabyggð)		x		x
Faglegt samstarf	x	x	x	x
Skólaþróun og starfsþróun		x		x
Skóladagur nemenda, skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur.	x	x	x	x
Skólabragur:				
Viðmót og menning (Olweus og Skólapúlsinn)	x	x	x	x
Velferð og líðan nemenda (Skólapúlsinn)	x	x	x	x
Samstarf heimila og skóla (Foreldrakönnun Skólapúlsinn)	x		x	
Innra mat				
Framkvæmd innra mats	x	x	x	x
Umbótastarf í kjölfar innra mats	x	x	x	x

6.2. Fylgiskjal 2

Skimunaráætlun Grunnskóla Reyðarfjarðar 2017-2018

Bekkur	haustönn	miðönn	vorönn
1.	Lesferill - Lesskimun - okt. Læsi, lestrarskimun, 6. - 17. nóv.	Lesferill, lesfimi - janúar Læsi, lestrarskimun, 5. - 19. feb. Hljóðfærni/einstaklingspróf, 2. okt. - 31. jan.	Lesferill, lesfimi - maí Læsi, lestrarskimun, 3. - 17. apríl Hljóðfærni/einstaklingspróf, 1. mars - 30. maí.
2.	Lesferill, lesfimi september Læsi, lestrarskimun, 6. - 17. nóv.	Lesferill, lesfimi - janúar Læsi, lestrarskimun, 5. - 19. feb. Aston Index stafsetning - feb.	Lesferill, lesfimi - maí Lesmál, mat á lestri og réttir, 3. - 17. apríl
3.	Lesferill, lesfimi - september Talnalykill, stærðfræðigreining, 7. nóv. Orðarún, lestur/lesskilningur - 2. - 6. okt.	Lesferill, lesfimi - janúar Logos, 17. - 18. jan. Aston Index stafsetning - feb.	Lesferill, lesfimi - maí Orðarún, lestur/lesskilningur - 2. - 8. maí
4.	Lesferill, lesfimi - september Samræmt próf, ísl/stærðfr. 28. - 29. sept Orðarún, lestur/lesskilningur - 2. - 6. okt.	Lesferill, lesfimi - janúar Aston Index stafsetning - feb.	Lesferill, lesfimi - maí Orðarún, lestur/lesskilningur - 2. - 8. maí
5.	Lesferill, lesfimi og hliðarpróf - september Orðarún, lestur/lesskilningur - 2. - 6. okt.	Lesferill, lesfimi - janúar Aston Index stafsetning - feb.	Lesferill, lesfimi - maí Orðarún, lestur/lesskilningur - 2. - 8. maí
6.	Lesferill, lesfimi - september Talnalykill, stærðfræðigreining, 11. - 12. okt. Logos, 11. - 12. okt. Orðarún, lestur/lesskilningur - 2. - 6. okt.	Lesferill, lesfimi - janúar Aston Index stafsetning - feb.	Lesferill, lesfimi - maí Orðarún, lestur/lesskilningur - 2. - 8. maí
7.	Lesferill, lesfimi - september Samræmt próf, ísl/stærðfr. 21. - 22. sept Orðarún, lestur/lesskilningur - 2. - 6. okt.	Lesferill, lesfimi - janúar Aston Index stafsetning - feb.	Lesferill, lesfimi - maí Orðarún, lestur/lesskilningur - 2. - 8. maí
8.	Lesferill, lesfimi - september Orðarún, lestur/lesskilningur - 2. - 6. okt.	Lesferill, lesfimi - janúar	Lesferill, lesfimi - maí Orðarún, lestur/lesskilningur - 2. - 8. maí
9.	Lesferill, lesfimi - september Logos, 6. - 7. sept.	Lesferill, lesfimi - janúar	Lesferill, lesfimi - maí Samr. próf, ísl./stærðfr./enska - 7. - 9. mars
10.	Lesferill, lesfimi - september	Lesferill, lesfimi - janúar	Lesferill, lesfimi - maí Samr. próf, ísl./stærðfr./enska - 7. - 9. mars

6.3. Fylgiskjal 3

Bættur námsárangur

Verkátætlun veturinn 2017-2018

Markmið:

- Að 90% nemenda geti lesið sér til gagns
- Að bæta námsárangur
- Að nýta betur niðurstöður úr skimunum
- Að auka samstarf starfsfólks í teyllum
- Að auka ábyrgð nemenda

Leiðir:

Verkefni	Framkvæmd	Ábyrgð	Tímasetning
Sumarlestur	Að hvetja nemendur til að lesa heima um sumarið	Umsjónarkennarar Foreldrar	Sumar 2017
Unnið eftir hæfniviðmiðum Aðalnámskrár	Hæfniviðmið GR sett í Mentor og unnið samkvæmt þeim.	Skólastjórndur Umsjónarkennarar	Ágúst 2017
Unnið áfram samkvæmt Byrjendalæsi í 1. – 4. bekk.	Viðhalda Byrjendalæsi á yngstu stigum með nýjum kennurum. Lestrargeta nemenda er styrkt með fjölbreyttum kennsluháttum.	Skólastjóri Deildarstjóri sérkennslu Umsjónarkennarar	Ágúst 2017 Lifandi verkefni
Unnið áfram samkvæmt Orð af orði á mið- og unglingastigi.	Kennarar vinna áfram eftir þessari kennsluaðferð þar sem málvitund nemenda er styrkt með fjölbreyttum kennsluháttum.	Skólastjóri Umsjónarkennarar	Ágúst 2017 Lifandi verkefni
Áfram lögð áhersla á lestur í öllum bekkjum.	Nemendum gefinn tími til að lesa í skólanum og áhersla lögð á heimalestur. Umsjónarkennarar fylgi því vel eftir að heimalestur verði markviss.	Umsjónarkennarar Foreldrar	Ágúst 2017
Bættur lesskilningur	Áhersla lögð á fjölbreytt lesskilningsverkefni	Umsjónarkennarar	Veturinn 2017-2018


Auka orðaforða nemenda	Allir komi að því að auka orðaforða nemenda með margvíslegum og gjarnan myndrænum hætti sbr. orðaveggur.	Allir starfsmenn	Veturinn 2017-2018
Lestrarvinir	Leitað áfram til aðila utan skólans og innan um að koma og hlusta á nemendur lesa og/eða lesa fyrir nemendur. Útbúa skráningarkerfi yfir lestrarvini.	Deildarstjóri sérkennslu Umsjónarkennar	September 2017
Teymisfundir kennara	Viðhalda og styrkja faglega umræðu og samstarf með það að markmiði að bæta lærdómsumhverfi allra í skólanum, bæði nemenda og starfsmanna og nýta fagþekkingu kennara sem allra best.	Skólastjórnendur	September 2017
Niðurstöður hraðaprófa í lestri og fleiri skimana sett upp á skýran hátt t.d. í súlurit. Sett upp fyrir bekkinn og líka fyrir hvern nemanda svo hann geti borið saman sinn árangur.	Að hafa niðurstöður skimana skýrar og auðgreinanlegar. Að auka yfirsýn nemenda og foreldra á stöðu nemandans í lestri og stærðfræði miðað við markmið annararinnar og auka þannig þátttöku og ábyrgð allra aðila á því að bæta árangur.	Deildarstjóri sérkennslu Sérkennari Umsjónarkennarar Kennsluráðgjafi Skólaskrifstofunnar	Ágúst 2017 og lok hverrar annar.
Skimunaráætlun endurskoðuð með hliðsjón af skimunaráætlun Skólaskrifstofu Austurlands.	Fá gott yfirlit yfir námsstöðu nemenda í öllum árgöngum og nýta þær til markvissrar vinnu og umbóta.	Deildarstjóri sérkennslu	Ágúst 2017
Aðgerðaáætlun í kjölfar skimana	Að til sé nákvæm áætlun um hvernig brugðist verði við niðurstöðum skimana.	Skólastjórnendur	Veturinn 2017-2018
Festa Læsisstefnu Grunnskóla Reyðarfjarðar í sessi	Vinna markvisst með læsisstefnuna á teymisfundum.	Skólastjórnendur Umsjónarkennarar	Ágúst 2017
Starfsdagar í upphafi nýrrar annar	Kennarateymi komi saman og ígrundi hæfniviðmið annarinnar, meti hvað hafi gengið vel og hverju á að breyta.	Skólastjórnendur	Upphaf hverrar annar.
Samræmd próf	Niðurstöður ígrundaðar og unnin verkáætlun í framhaldi af niðurstöðum	Umsjónarkennar Faggreinakennarar Skólastjórnendur	Október 2017 og Apríl 2018
Stærðfræðistefna Grunnskóla Reyðarfjarðar	Vinna að gerð stærðfræðistefnu skólans.	Skólastjórnendur Stýrihópur	Apríl 2018

6.4. Fylgiskjal 4

Könnun á viðhorfi kennara til teymiskennslu á unglingastigi.


Ég upplifði það í samstarfi okkar að ég gæti sagt mína skoðun

6 svör




Mér fannst hlustað á það sem ég hafði að segja

6 svör



Foreldrar voru ánægðir með störf okkar

6 svör




Mér fannst fagleg umræða vera meiri í teymisvinnunni en í annars konar samstarfi

6 svör




Mér fannst vera góð fagleg tengsl milli okkar kennaranna

6 svör




Mér finnst teymiskennsla draga úr einangrun kennara

6 svör




Mér fannst ég eiga hlutdeild í ákvörunum um teymiskennsluna

6 svör




Mér fannst ég hafa góða yfirsýn yfir námslega stöðu nemenda í þemastarfinu.

6 svör




Mér finnst teymiskennsla ýta undir sameiginlega ábyrgð allra kennaranna á námi nemenda.

6 svör




Fleiri hugmyndir að faglegri úrvinnslu koma fram í teymiskennslu en í annars konar samstarfi

6 svör




Mér þykja hæfileikar mínir frekar fá að njóta sín í teymiskennslu

6 svör




Teymishópurinn tók á agamálum saman

6 svör




Í teymiskennslu dreifist álagið á kennarahópinn

6 svör




Í teymiskennslunni verður fjölbreyttari sýn á nemendur

6 svör




Í teymiskennslunni var námsmatið samræmdara

6 svör



Ég lærði meira af mínu samstarfsfólki í teymiskennslu en ég hef gert í hefbundnu samstarfi

6 svör




6.5. Fylgiskjal 5

Könnun á viðhorfi kennara til teymiskennslu í 1. – 2. bekk.


Ég upplifði það í samstarfi okkar að ég gæti óhrædd sagt minna skoðun

3 svör




Mér fannst hlustað á það sem ég hafði að segja

3 svör




Foreldrar voru ánægðir með störf okkar

3 svör




Mér fannst fagleg umræða vera meiri í teymisvinnunni en í annars konar samstarfi

3 svör



Mér fannst vera góð fagleg tengsl milli okkar kennaranna

3 svör




Mér finnst teymiskennsla draga úr einangrun kennara

3 svör



Mér fannst ég eiga hlutdeild í ákvörðunum um teymiskennsluna

3 svör




Mér fannst ég ná góðum tengslum við nemendahópinn minn

3 svör




Mér fannst ég hafa góða yfirsýn yfir námslega stöðu umsjónarnemenda minna.

3 svör




Fleiri hugmyndir að faglegri úrvinnslu koma fram í teymiskennslu en í annars konar samstarfi

3 svör



Mér þykja hæfileikar mínir frekar fá að njóta sín í teymiskennslu

3 svör




Teymishópurinn tók á agamálum saman

3 svör




Mér finnst teymiskennsla ýta undir sameiginlega ábyrgð allra kennaranna á námi nemenda.

3 svör




Í teymiskennslu dreifist álagið á kennarahópinn

3 svör




Í teymiskennslunni verður til fjölbreyttari sýn á nemendum

3 svör



Í teymiskennslunni var námsmatið samræmdara

3 svör



Ég lærði meira af mínu samstarfsfólki í teymiskennslu en ég hef gert í hefbundnu samstarfi

3 svör

